



Laufbladið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

13. árg. 2004 2. tbl.

GÓÐIR GESTIR FRÁ KÍNA

BREYTINGAR HJÁ
SKÓGRÆKTARFÉLAGI
EYFIRÐINGA

UNNIÐ AÐ ENDURGERÐ
Á TRÖÐ VIÐ
HELLISSAND

SKÓGVÆÐING
SVEITANNA

STÓRSÝNING OPNUÐ Í
HALLORMSSTAÐASKÓGI

ÆVINTÝRAFERÐ Í
ÞÓRÐARSTAÐASKÓG

MIKIÐ FRAMKVÆMT Á
VEGUM VERKEFNISINS
OPINN SKÓGUR

OPINN SKÓGUR UNDIR-
BÚINN Á SVÆÐI
SKÓGRÆKTARFÉLAGS
HEIÐSYNNINGA Á
HOFSSTÖÐUM

GÓÐUR GANGUR Í
LANDGRÆÐSLUSKÓGA-
VERKEFNINU

SKÓGUR Á ÞINGVÖLLUM

ÖFLUGT STARF HJÁ
SKÓGRÆKTARFÉLAGI
HAFNARFJARÐAR

HVAR LIGGJA SKÓGAR-
MÖRKIN Á SV-LANDI?

MIKIL BLÓMGUN Í
BLÍÐUNNI

ERU TRÉN EKKI ÖFUGU
MEGIN?





Hér á ég heima

Hugsaðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

www.vinbud.is

VÍNBUÐ
lífur, lærum & njótum

Endurvinnslustöðvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu taka við flöskum og dósum til flokkunar og endurnýtingar.

MIXA • ITI

KEÐJU-SAGIR

sniðnar að þínum þörfum.

STIHL®

Gott verð á gæðavörum.




GARDHEIMAR


ALLT Í GARDINN
60 ÁRA REYNSLA

Stekkjarkakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is

HUGTÖK



STEYPUMÓT FYRIR SUMARBÚSTAÐI



- Steypumót undir sólpallinn og sumarþústaðinn
- Smíðum eftir máli
- Fljót og góð afgreiðsla

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203

Auglýsingastofa Þórhildar 1460.5



SUMARHÚSALÓÐIR Á VESTURLANDI

Veitum upplýsingar um lausar lóðir til leigu og sölu á Vesturlandi
Sendum upplýsingar að kostnaðarlausu

Upplýsinga og kynningarmiðstöð Vesturlands
Hyrninni v. Brúartorg
310 Borgarnes
sími: 437-2214, fax: 437-2314
netf: upplysingar@vesturland.is
veff: www.west.is

Kæri gestur komdu vestur



Vesturland

GÓÐIR GESTIR FRÁ KÍNA

Árlegur gróðursetningardagur allra opinberra starfsmanna og námsmanna í Kína

Tílefnir af alþjóða jarðvegsverndardeginum 17. júní s.l. komu hingað til lands afúsugestir frá Kína á vegum Landgræðslu ríkisins, sem skipulagði dagskrá í samvinnu við Landvernd. Í máli þeirra kom fram að gróður- og jarðvegseyðing er einn alvarlegasti umhverfisvandi Kínverja og er mikil áhersla lögð á að berjast gegn honum. Meðal annars er gert ráð fyrir að auka þekju skóga úr um 17% í um 25% á næstu árum.

Eitt atriði kom fram í máli Kínverjanna sem vakti sérstaklega athygli og er umhugsunarvert fyrir okkur að taka upp. Undanfarin ár hafa stjórnvöld skipulagt gróðursetningardag sem allir opinberir starfsmenn í borgum og námsmenn við opinbera skóla eru skyldaðir til þess að taka þátt í. Þetta umhverfisverkefni hefur verið vinsælt og náms- og embættismenn ánægðir með að fá að komast út í náttúruna. Væri þetta ekki til eftirbreytni fyrir okkur Íslendinga?

Hví ekki að leggja að starfsmönnum Íbúðalánasjóðs, Skattsins, Skógræktar ríkisins, Alþingis, ráðuneytanna, og stúdenta



Guobin Liu og Fen Li Zheng frá Jarðvegs- og vatnsverndarstofnuninni í Yangling í Shaanxi í Kína voru hér komin vegna Alþjóðlega jarðvegsverndardagsins, 17. júní. (Mynd JGP).

úr háskólum og menntaskólum að taka þátt í slíku dagsverki svo nokkrir aðilar séu nefndir af handahófi? Skógræktarfélagin gætu hugsanlega skipulagt slíkt auðveldlega. Hér með er þessari bráðsnjöllu kínversku aðferðafræði komið á framfæri.



Frábær árangur við ræktun Aldamótaskóga

Aldamótaárinu 2000 átti Skógræktarfélag Íslands 70 ára afmæli. Í tilefni þess var efnt til gróðursetningar Aldamótaskóga á fimm stöðum á landinu. Gróðursett var ein trjáplanta fyrir hvern þálfandi Íslending, alls rúmlega 281.000 trjáplöntur. Stærsta svæðið var á Gaddstöðum á Rangárvöllum, sunnan við þjóðveginn austan Hellu og er það í umsjón Skógræktarfélags Rangæinga. Parna hefur náðst afar góður árangur eins og sést á myndinni á forsiðunni sem Laufblöðungur tók fyrr í sumar. Þessi skógrækt var framkvæmd með stuðningi KB banka, en annar fyrirrennari hans, Búnaðarbankinn, var einmitt stofnaður sama ár og Skógræktarfélag Íslands eða árið 1930.

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands, 13. árgangur, 2. tölublað 2004. Gefið út í 7000 eintökum.

Laufblaðið og Frækornið eru send endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150, heimasíða: www.skog.is, netfang: skog@skog.is
Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur, netfang: jgp@skog.is.
Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, netfang: bj@skog.is
Hönnun og umbrot: Leó Geir Torfason.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2003: Magnús Jóhannesson formaður, Magnús Gunnarsson varaformaður, Sigríður Jóhannsdóttir gjaldkeri, Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.
Meðstjórnendur: Guðbrandur Brynjólfsson, Ólafía Jakobsdóttir, Puriður Yngvadóttir.
Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson, Laufey Haraldsdóttir.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Allir geta gerst félagar í skógræktarfélagunum. Félagsmenn fá skírteini sem veita ágætan afslátt hjá nokkrum fyrirtækjum.

Það borgar sig að vera félagi í skógræktarfélagi.

Eftirtalin fyrirtæki veita félögum afslátt með framvísun skírteinisins árið 2004. Félagar eru hvattir til að versla þar.

Barri hf., Egilsstöðum	15%
Blómaval	10%
Bræðurnir Ormsson	5-15%
Ellingsen	10%
Frjó	10%
Garðheimar	10%
Gróðrarstöðin Kjarni, Akureyri	15%
Gróðrarstöðin Þöll, Hafnarfirði	15%
Húsasmiðjan	12%
Nátthagi, Ölfusi	10%

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF



GÓÐUR GANGUR Í LANDGRÆÐSLUSKÓGA- VERKEFNINU

Skógrækt og landgræðsla í almannapágu

Í ár er 15. gróðursetningarsumar Landgræðsluskógaverkefnisins, langstærsta verkefni skógræktarfélaganna. Gerðir hafa verið þinglýstir samningar á um 130 svæðum á landinu sem þekja um 12.000 hektara og fjölgar svæðunum árlega. Í öllum samningum er ákvæði um að landið skuli vera opið almennungi til útivistar og er víða verið að koma upp útivistaraðstöðu á elstu svæðunum. Langflest svæðin eru á landi í eigu sveitarfélaga, ríkis eða skógræktarfélaganna sjálfra. Gróðursetning Landgræðsluskóga hefur numið 1/4-1/5 af allri skógrækt í landinu og hafa alls verið gróðursettar um 15 milljónir trjáplantna, sem þekja hátt í 5.000 hektara lands.

Verkefnið hófst árið 1990 á 60 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands. Skógræktarfélagin sjá um framkvæmd þess á hverjum stað, útvegun lands, friðun og vörslu, gróðursetningu og umhirðu. Öll vinna er framlag skógræktarfélaganna til verkefnisins. Leita þau auðvitað ýmissa leiða til þess að standa straum af því. Fyrstu ár verkefnisins voru trjáplönturnar keyptar fyrir söfnunarfé. Síðar afhenti Skógrækt ríkisins trjáplöntur í verkefnið um 6 ára skeið. Með samningi



Núna í júlí skoðaði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra landgræðsluskóga á Vestfirðum. Þessi mynd er tekin á einu stærsta svæðinu á Vestfirðum, Söndum í Dýrafirði. Þar hefur Skógræktarfélag Dýrafjarðar náð afar góðum árangri í skógrækt og er nú ungur skógur að vaxa úr grasi á tugum hektara. Á myndinni sjást landbúnaðarráðherrahjónin, Margrét Hauksdóttir og Guðni Ágústsson ásamt Sæmundi Þorvaldssyni, formanni Skógræktarfélags Dýrafjarðar og framkvæmdastjóra Skjóluskóga, skoða árangurinn. (Mynd JGP).

Skógræktarfélags Íslands 1998 og 2002 við landbúnaðar- og fjármálaráðuneytið var fjármögnun plöntukaupa tryggð til ársins 2008. Landgræðsla ríkisins hefur annast flutning þeirra út um landið.

Með Landgræðsluskógum hefst nýr kafli í sögu skógræktarfélaganna. Lengst af fengu þau úthlutað trjáplöntum af ríkisframlagi Landgræðslusjóðs en plönturnar komu úr

gróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins. Það framlag lagðist af en með Landgræðsluskógum árið 1990 tókust félögin á hendur ný verkefni og margfalt meiri nýskógrækt heldur en áður.

Samstarfsaðilar um ræktun Landgræðsluskóga eru skógræktarfélagin í landinu, Skógræktarfélag Íslands, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og landbúnaðarráðuneytið.

SKÓGVÆÐING SVEITANNA

Þegar leiðin liggur um hina frjósömu og bláu dali Norðurlands um hásumarið læðist að skógræktendum sá grunur að betur megí gera í að klæða landið skógi.

Fullmikið væri að leggja undir sig tún lágsléttunnar og votlendið þar sem kornið vex og grasíð nær meðalmanni upp undir herðar; frekar auka frjósemi dalanna ofar í hlíðunum, ekki síst af því hve óhemju fyrirhafnarlítið það er með tilkomu lerkisins. Eins og kunnugt er kallar lerkíð ekki aðeins á fljótlega gróðursetningu með plöntustaf og það jafnvel í þurra mela og móa allt upp í 300 metra hæð að því er virðist; lerkíð krefst ekki heldur áburðargjafar; það vex afar hratt og til að kóróna allt er það mjög verðmættur viður. 100-200 metra breitt belti ofan við heimatún gæti ef rétt er að staðið og skipulagt frá upphafi gefið af sér verðmætt timbur og aðrar afurðir í framtíðinni. Bætt veðurfar, aukið fuglalíf, betri vatnsbúskapur og hugsanleg snjóflóðahindrun eru líka afleiðingar sem hlytust af hinu skógi vaxna belti ofan byggðar. Jafnvel mætti, ef því er að skipta, skapa með tíð og tíma frjósamt beitoland inni í hávöxnum skóginum. Með þessu móti væri heldur engu útsýni

spilt frá vegum í dalbotnum og þar með þungum áhyggjum létt af mörgum landanum sem stendur stuggur af háum trjám og þéttum skógum; neðst liðast áin og þá taka við tún og engjar; ofar kemur trjábeltið og þar ofar klettur og klungur og oft gróðursnauð eyðimörk hásléttunnar.

Til þess að ná þessu markmiði þyrfti sameiginlegt átak sveitanna, trúlega með aðkomu ríkisins; upphafið yrði lagning girðinga með tilheyrandi skipulagi og vegagerð í hlíðum. Fnjóskadal að austanverðu höfum við sem fyrirmynd nú þegar.

Þessum hugmyndum er hér með komið á framfæri með þakklæti fyrir góðar móttökur Eyfirðinga í sumar. Kannski eru svipaðar skipulagshugmyndir komnar fram á teikniborðum þeirra Norðlendinga? Forvitnilegt væri að fréttu af þeim. Mikið hefur verið gert, en mun meira má gera.

*Með skógræktarkveðju, Kristján Bjarnason,
Skógræktarfélagi Vestmannaeyja.*

Til þess að afla nýjustu fréttu af skógræktarmálum á Norðurlandi hafði Laufblaðið samband

við Valgerði Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga á Akureyri.

Nýjustu fréttir af Norðurlandsskógum

Norðurlandsskógaverkefnið hefur nú starfað í rúmlega þrjú ár. Á þeim tíma hafa verið gróðursettar rúmlega 2,5 milljónir plantna á vegum verkefnisins á Norðurlandi. Árið 2003 voru gróðursettar um 1,1 milljón plantna á 85 jörðum. Hver skógarbóndi gróðursetti að meðaltali rúmlega 12.000 plöntur eða í um 5 hektara lands. Þetta þýðir að grundvöllur var lagður að um 420 ha skógi á Norðurlandi árið 2003. 47 bændur gróðursettu samtals um 46 kílómetra af skjólbeltum á vegum verkefnisins. Gerðir voru skógræktarsamningar á 24 jörðum á árinu þannig að í lok árs eru þinglýstir skógræktarsamningar á 104 jörðum, alls 5.373 hektarar. Mikill áhugi hefur verið á Norðurlandsskógaverkefninu frá upphafi og hefur enn ekki tekist að taka inn alla þá sem sótt hafa um inngöngu í verkefnið þar sem fjárveitingar hafa ekki staðist miðað við upphaflegar áætlanir. Í lok árs 2003 voru um 40 landeigendur á biðlista um að taka þátt í Norðurlandsskógum.

BREYTINGAR HJÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI EYFIRÐINGA

Skipulagsbreytingar í vetur

Í vetur sem leið voru gerðar verulegar skipulagsbreytingar á rekstri Skógræktarfélags Eyfirðinga. Breytingarnar eru þær helstar að stofnað hefur verið einkahlutafélagið Gróðrarstöðin í Kjarna sem taka mun við rekstri gróðrarstöðvar félagsins og jólatrjáasölu, ásamt drjúgum hluta af eignum og skuldum Skógræktarfélagsins. Skógræktarfélag Eyfirðinga mun áfram annast útivistarsvæði, skógarreiti og félags- og fræðslumál.

Með þessum breytingum er verið að draga áhugamannafélagið út úr áhætturekstri og leggja grunn að nýju fyrirtæki sem starfar í hefðbundnu viðskiptaumhverfi. Skógræktarfélagið mun í framhaldi af þessu leggja upp með nýjar áherslur í félagsstarfinu og hefur þegar hafið sérstakt átak til þess að fjölga félagsmönnum og kynna starfsemi þess. Formaður félagsins er Vignir Sveinsson.

Nýr framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga

Nýr framkvæmdastjóri hefur tekið til starfa hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga. Hann er jafnframt framkvæmda- og ræktunarstjóri hjá



Jón Kr. Arnarson er nýráðinn framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga og Gróðrarstöðvarinnar í Kjarna. Hér er hann að vanda að huga að plöntum, í þetta skipti áhugaverðri lágvaxinni niturbindandi plöntu, blámjöltu (*Astragalus norvegicus*). (Mynd JGP).



Glæsilegasta skógarútivistarsvæði landsins er Kjarnaskógur Skógræktarfélags Eyfirðinga við Akureyri. Það er fjölsótt allan ársins hring. (Mynd JFG).

Gróðrarstöðinni í Kjarna ehf. Hann heitir Jón Kristófer Arnarson og er vel þekktur í skógræktargeiranum, meðal annars fyrir að hafa stýrt gróðrarstöðinni í Laugardal í Reykjavík og gróðrarstöðinni Barra á Egilsstöðum. Óskum við honum farsældar í starfi.

Nýir aðilar að Gróðrarstöðinni í Kjarna ehf.

Kaupfélag Eyfirðinga (KEA) hefur keypt hlutafé í Gróðrarstöðinni í Kjarna ehf. KEA á nú 40% hlutafjár í félaginu á móti 60% hlut Skógræktarfélags Eyfirðinga. Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, tók sæti í stjórn stöðvarinnar, sem nú er þannig skipuð: Ásgeir Magnússon formaður, Andri Teitsson, Vignir Sveinsson og varamaður er Sigrún Stefánsdóttir. Þá mun Félag skógarbænda á Norðurlandi gerast hluthafi í Gróðrarstöðinni í Kjarna með tilstyrk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Einnig hefur verið ákveðið að bjóða starfsmönnum Skógræktarfélags Eyfirðinga og Gróðrarstöðvarinnar í Kjarna, svo og félagsmönnum, að kaupa hlutafé í hinu nýja félagi.



MJÓLKURBÚ  FLÓAMANNA



STÓRSÝNING OPNUÐ Í HALLORMSSTAÐASKÓGI

Þann 19. júní var opnuð sýningin Fantasy Island, stórsýning innlendra og erlendra listamanna í Hallormsstaðaskógi og á Eiðum. Sýningin er liður í dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Alls taka 8 myndlistarmenn þátt í sýningunni en þeirra á meðal eru tveir af eftirtektarverðustu og þekktustu myndlistarmönnum samtímans, Bandaríkjamennirnir Jason Rhoades og Paul McCarthy. Þeir Rhoades og McCarthy hafa undanfarið unnið saman að stóru verki sem sett verður upp



Dorrit Moussaieff forsetafrú opnaði sýninguna Fantasy Island í Hallormsstaðaskógi. (Mynd B.J.).



Það eru Skógrækt ríkisins á Hallormsstað, Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri og Hannes Lárusson myndlistarmaður sem standa saman að sýningunni en Hannes er jafnframt sýningarstjóri. Eiðar ehf. eru samstarfsaðili og Hekla Dögg Jónsdóttir hefur umsjón með framkvæmd sýningarinnar. Þá er einnig samstarf við listasmiðjuna Kling&Bang í Reykjavík.

Heiðursgestur við opnun sýningarinnar var Dorrit Moussaieff forsetafrú.

Sýningin Fantasy Island á Hallormsstað og á Eiðum verður opin til 1. október og er skógræktarfolk hvatt til þess að skoða þennan listviðburð í skóginum. Menningin vex svo sannarlega enn í lundum nýrra skóga!

Á síðunni eru svipmyndir af sýningunni.

á Eiðum og á án efa eftir að vekja mikla athygli en þar er á ferðinni endurgerð þeirra á einni af verslunarmiðstöðvum Macy's í Los Angeles í Kaliforníu. Aðrir sem taka þátt í Fantasy Island eru Björn Roth, Elin Wikström, Atelier von Lieshout, Hannes Lárusson, Katrín Sigurðardóttir og Þorvaldur Þorsteinsson. Allir hafa listamennirnir verið áberandi á vettvangi samtímalistar undanfarin ár. Rýmishugsun í fjölbreyttum myndum,

oftast í samfélagslegu návígi, einkennir vinnubrögð listamannanna ásamt óvæntu hugmyndaflugi og innri spennu.

Öll listaverkin á Fantasy Island eru ný og sérstaklega gerð fyrir sýninguna á Austurlandi og þá staðhætti sem umgjörð hennar býður upp á. Verkin spanna afar vítt svið myndrænnar hugsunar og hefur þróun þeirra og uppsetning staðið yfir hér á landi og erlendis síðustu mánuði.



Ævintýraferð í Þórðarstaðaskóg

Helgina 28. og 29. ágúst n.k. efnir Skógræktarfélag Íslands til skoðunar- og ævintýraferðar í Þórðarstaðaskóg í Fnjóskadal.

Þórðarstaðaskógur hefur um aldir verið með vöxtulegustu birkiskógum landsins eins og kemur fram m.a. í grein Guðmundar Davíðssonar frá Fjósatungu (1825 - 1914) „Um skóga og kvistlendi í Fnjóskadal á nítjándu öld,“ sem birt var í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1981. Farið verður frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík laugardaginn 28. ágúst kl. 08.00 og komið til baka að kvöldi sunnudagsins 29. ágúst.



Hillusveppir á gömlu birkitré í Þórðarstaðaskógi.
Mynd: Þröstur Eysteinnsson.



Þórðarstaðaskógur. Mynd: Sigurður Skúlason.

Sigurður Skúlason skógarvörður á Vöglum verður leiðsögumaður í Fnjóskadal.

Komið verður í Þórðarstaðaskóg um kl. 14 og eftirmiðdegnum varið í gönguferð um Þórðarstaðaskóg og nágrenni, en nú er samfellt skóglendi á jörðunum Hálsi, Vöglum, Mörk, Lundi, Þórðarstöðum og Belgsá. Bakkasel er eyðijörð sunnan Belgsár og þar mun vera stærsti einir landsins. Víða má sjá gamlar kolagrafir. Þá verður litið á tilraunir sem gerðar hafa verið með endurnýjun skógarins m.a. með rjóðurfellingu og að sjálfsögðu margt fleira forvitnilegt. Ef veður leyfir verður grillað úti um kvöldið, annars verður kvöldverður snæddur í sal þjónustumiðstöðvar á Illugastöðum.

Árdegis á sunnudegi verður komið við í Vaglaskógi og í Garði þar sem Páll G. Jónsson bóndi fann „kynlega kvisti“ fyrir réttum hundrað

árum. Þeir Agnar Kofoed-Hansen og Stefán Stefánsson staðfestu síðar að þar yxi blæðsp og er Garður talinn vera fyrsti fundarstaður hennar á Íslandi.

Gist verður í orlofshúsum Einingar á Illugastöðum. Ferðin kostar kr. 12.000. Innifalið í því verði er rútuferð, gisting á Illugastöðum aðfaranótt sunnudags í 6-8 manna orlofsbústöðum ásamt morgunmat. Þátttakendur þurfa að taka með sér sængurföt og handklæði og vera vel búnir til útivistar og göngu. Þeir sem óska eftir sérþýli geta þurft að borga aukalega fyrir það.

Skráning í síma 551-8150 eða á skog@skog.is fyrir 20. ágúst nk.

UNNIÐ AÐ ENDURGERÐ Á TRÖÐ VIÐ HELLISSAND

Tröð á HelliSSandi er gamall skógarlundur, í sérkennilegu og heillandi umhverfi með lítt skráða sögu. Parna ræktaði Kristjón Jónsson tré við erfiðar aðstæður. Nú er reiturinn í umsjá Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli og er á verkefnaskrá „Opins skógar“. Minningarskjöldur um Kristján er í lundinum.

Um þessar mundir er unnið af krafti að endurgerð svæðisins og stefnt að því að opna það formlega sumarið 2005. Unnið hefur verið að grisjun og skipulagningu á lundinum og í sumar hefur verið gróðursett töluvert af trjáplöntum. Einnig verður aðgengi bætt með merkingum og stígum.



Unnið var að gróðursetningu í Tröðinni í sumar. Á myndinni eru Skúli Alexandersson, formaður Skógræktar- og landverndarfélags undir Jökli, Páll Sigurvinsson og Hanna Ragnarsdóttir. (Mynd JGP).

MIKIÐ FRAMKVÆMT Á VEGUM VERKEFNISINS OPINN SKÓGUR



**Útivistaraðstaða fyrir almenning opnuð á Snæfoksstöðum
í Grímsnesi, Eyjólfsstöðum á Héraði og Tunguskógi í Skutulsfirði**



Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi og miðar að því að opna skóga landsins og gera þá aðgengilega almenningi. Út eru kominn fallegur bæklingur með helstu upplýsingum um svæðin og vönduð kort, þar sem m.a. eru merktar helstu gönguleiðir. Bæklingurinn er aðgengilegur í kassa á upplýsingaskiltum á svæðunum.

Við óskum landsmönnum öllum til hamingju með „Opinn skóg“ og bjóðum þá velkomna í skógana á Snæfoksstöðum í Grímsnesi, Daníelslund í Borgarfirði, Hrótey við Blöndu, Eyjólfsstaði á Héraði og Tunguskóg vestur á Ísa-firði. Síðar í sumar verður formlega opnað fyrir almenning sjötta svæðið á vegum verkefnisins, Sólbrekkur á Suðurnesjum, svæði Skógræktarfélags Suðurnesja.



Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra mundar hér keðjusög og opnar göngustíga í Opnum skógi á Snæfoksstöðum. (Mynd JGP).

Snæfoksstaðir í Grímsnesi, svæði Skógræktarfélags Árnesinga

„Opinn skógur“ var opnaður á Snæfoksstöðum í Grímsnesi, laugardaginn 26. júní.

Þrátt fyrir hryssingslega veðurspá og kosningadag var fjöldi gesta mættur til að fagna þessum áfanga. Við aðkomuna er nú glæsilegt hlaðið torg og bifreiðastæði.



Óskar Þór Sigurðsson, formaður Skógræktarfélags Árnesinga, hlustar á hornablastur. (Mynd JGP).

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnaði skóginn á Snæfoksstöðum formlega með því að saga í sundur veglega ösp sem lögð hafði verið þvert á stígin inn í skóginn. Þetta gerði Siv með öflugri keðjusög, íklædd hjálmi og öðrum nauðsynlegum öryggisbúnaði. Fórst henni verkið vel úr hendi enda ekki



Aðkoman að svæðinu er glæsileg. (Myndir JGP).

óvön „mótorfákum“! Með þessum táknræna hætti varð leiðin greið inn í Opinn skóg. Trjá-bútarnir verða varðveittir hjá Skógræktarfélagi Árnesinga til minningar um atburðinn.



Ingvar Guðmundsson, fulltrúi Olís, Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, Magnús Gunnarsson, varaformaður Skógræktarfélags Íslands, og Lind Einarsdóttir, fulltrúi Alcan á Íslandi, hlýða á ávörp við opnunina á Snæfoksstöðum. (Mynd JGP).

Eyjólfsstaðir á Héraði, svæði Skógræktarfélags Austurlands

„Opinn skógur“ var opnaður að viðstöddu fjölmenni í Eyjólfsstaðaskógi á Völlum, laugardaginn 17. júlí.

Aðkoman í Eyjólfsstaðaskóg er miðja vegu á milli Hallormsstaðaskógar og Egilsstaða og er rækilega merkt með „Opins skógar“ skilti og fánaborg. Skógræktarfélag Austurlands keypti Eyjólfsstaðaskóg árið 1944. Vegir hafa verið lagðir um skóginn og Blöndalsbúð, félagsheimili og orlofshús félagsins, var vígð 1998. Fjöldi lækja



Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra mætti í skógin og klippti sundur grein ásamt Soffiu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar Austur-Héraðs. Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Orri Hrafnkelsson, formaður Skógræktarfélags Austurlands, fylgjast með. (Mynd SSP).



Opinn skógur er samstarfsverkefni öflugra aðila. Hér eru þau Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi, Magnús Jóhannesson formaður Skógræktarfélags Íslands og Einar Benediktsson forstjóri Olís við opnun skógarins í Tungudal. Landbúnaðarráðherrahjónin, Margrét Hauksdóttir og Guðni Ágústsson fylgjast með. (Mynd JGP).

fellur niður hlíðina, víða í fögrum fossum og hafa sumir grafið djúpa farvegi, sem setja svip á landslagið. Kletthryggir eru í skóginum og af þeim gott útsýni yfir Héraðið. Skógurinn er að mestu vaxinn birki. Barrviðir voru fyrst gróðursettir árið 1949 og vaxa eins og best gerist á Íslandi.

Tunguskógur, svæði Skógræktarfélags Ísafjarðar

Laugardaginn 24. júlí kl. 14-16 var opunarhátíð „Opins skógar“ í Tunguskógi í Tungudal við Ísafjarðarkaupstað. Trjágróðurinn hefur dafnað

Þátttakendur söfnuðust saman í hvamminum við Buná þar sem Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra „opnaði“ skóginn formlega að hætti skógarmanna. Þátttakendur gengu síðan um Tunguskóg, fánar voru dregnir að hún og gönguleiðir skoðaðar. Ísfirskt listafólk



Skógarkempur frá Hallormsstað, Baldur Jónsson, Bragi Jónsson og Sigurður Blöndal. Þeir Baldur og Bragi hafa smíðað mikið af þeim borðum og bekkjum sem hafa verið sett upp í skóginum úr timbri af Héraði. (Mynd SSP).



Í Simsongarði var boðið upp á glæsilegar veitingar og flutti Magdalena Sigurðardóttir, formaður Skógræktarfélags Ísafjarðar, ávarp. (Mynd JGP).

vel og er þarna nú einn vöxtulegasti skógur Vestfjarða. Þar er Simsongarðurinn, sem hjónin Martinus og Gerda Simson komu upp á öndverðri 20. öld, og er rómaður fyrir feegurð.



Mikið fjölmenni var við opnun skógarins í Tungudal. Hér sést aðkoman að svæðinu og gengur fólk yfir göngubrúna á Buná. (Mynd JGP).

skemmti gestum með ýmsum óvæntum uppákomum. Í Simsongarði var boðið upp á léttar veitingar og landbúnaðarráðherra og fulltrúar verkefnisins fluttu ávörp.



Fjöldmenni var við opnun skógarins á Eyjólfstöðum. Boðið var upp á lífrænt ræktaðan bygggraut frá Eymundi í Vallanesi. (Mynd SSP).



Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra klippti á birkigrein við opnun skógarins í Tungudal með góðri aðstoð. (Mynd JGP).

SKÓGUR Á ÞINGVÖLLUM



Frá Þingvöllum. (Mynd JGP).

Undanfarin misseri hefur farið fram mikil umræða um skóga á Þingvöllum og meðferð þeirra. Skógur þekur stóran hluta þjóðgarðsins, bæði birkiskógur og einnig gróðursettur skógur. Höfum við hér hjá Laufblaðinu áhyggjur af því að ekki hafi verið gerð sú heildaráætlun eða skipulag varðandi meðferð skóganna í Þjóðgarðinum sem ákveðið er í samningi Þingvalla-

nefndar og Skógræktar ríkisins frá árinu 1999. Í samningnum, sem undirritaður var á 100 ára afmæli skógræktar í landinu á Þingvöllum í framhaldi af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Laugarvatni, er fjallað um þetta atriði. Sérstök athygli er vakin á síðustu grein hans, en þar er kveðið á um að vinna eigi heildarúttekt á skógum á svæðinu og á grundvelli

hennar verði hugað að sérstökum aðgerðum, sé þeirra talin þörf. Sú vinna hefur hins vegar ekki enn farið fram.

Æskilegt væri að sú vinna fari fram sem allra fyrst og niðurstaða hennar verði kynnt almenningi. Þar getur legið lykillinn að lausn þessa máls á Þingvöllum.

Samstarfsyfirlýsing Þingvallanefndar og Skógræktar ríkisins

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því skógrækt hófst með skipulegum hætti á Íslandi með gróðursetningu á Þingvöllum, lýsa Þingvallanefnd og Skógrækt ríkisins yfir eftirfarandi:

- *Þingvallanefnd mun halda áfram góðu samstarfi sínu við Skógrækt ríkisins við ræktun, varðveislu og hirðingu trjágróðurs innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Mun nefndin leita faglegra ráða hjá Skógræktinni bæði vegna náttúrulegs birkiskóglendis og gróðursettra skóga.*
- *Skógrækt ríkisins leggur til sérfróða starfsmenn sína til að sinna eftirliti í umboði Þingvallanefndar og standa að sérstökum aðgerðum sé þeirra talin þörf.*
- *Sérstaklega skal hugað að Furulundinum og tekið mið af því að elstu trén fái að njóta sín sem best og lengst.*
- *Stefnt skal að úttekt á skóglendi innan þjóðgarðsins og á grundvelli hennar verði hugað að sérstökum aðgerðum, sé þeirra talin þörf.*

Þingvöllum, 8. ágúst 1999

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

Reykjavík

AM Praxis sf, Sigtúni 42
Arkís ehf, Skólavörðustíg 11
Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Faxavélar hf, Funahöfða 6
Féró ehf, Steinaseli 6
Félag garðplöntuframleiðenda, Stjörnugróf 18
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Félagsmálaráðuneytið, Hafnarhúsinu
Forsætisráðuneytið,
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
Fönix ehf, heimilistækjaverslun, Hátúni 6a
Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar
Gesthús Dúna, Suðurhlíð 35d
Grásteinn ehf, Neshaga 5
Guðmundur Jónasson hf, Borgartúni 34
Hagi ehf, Malarhöfða 2
Hópferðamiðstöðin ehf, Hesthálsi 10
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra, Hafnarfirði og Reykjavík
Íslandsferðir ehf, Lágmúla 4
Lindin kristið útvarp FM 102,9
Óttó B. Arnar ehf, Ármúla 29

PricewaterhouseCoopers hf
Rafteikning hf, Borgartúni 17
Reykjavíkurbíó, Hafnarhúsinu
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Samiðn, Borgartúni 30
Securitas hf, Síðumúla 23
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Suðaustan átta, landslagsarkitektar, Laugavegi 63
Teiknistofan Landark ehf, Stórhöfða 17
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ. Þórgímsen og Co ehf, Ármúla 29

Seltjarnarnes

Seltjarnarneskaupstaður

Vogar

Kvenfélagið Fjóla, Leirdal 12

Kópavogur

Blikksmiðja Einars ehf, Smiðjuvegi 4b
Byggðapjónustan ehf, Auðbrekku 22
Kambur ehf, Geirlandi við Suðurlandsveg
Kópavogsbær, Fannborg 2
Stanislas Bohic garðarkitekt,

Smiðjuvegi 11
Valdberg ehf, Smiðjuvegi 36
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf, Hamraborg 11
Verkfræðistofan Hamraborg, Hamraborg 10

Garðabær

Blómaverslunin Garðablóm,
Garðatorgi 3
Sportís ehf, Austurhrauni 3
Verslunin 10 - 11, Lyngási 17

Hafnarfjörður

Garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar,
Hringhellu 9

Keflavík

Fasteignasalan Ásberg ehf,
Hafnargötu 27
Sparisjóðurinn í Keflavík,
Tjarnargötu 12-14
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Stakkavík ehf, Bakkalág 15b

Garður

Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

Njarðvík

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36

Mosfellsbær

Kjósarhreppur, Félagsgarði
Mottó ehf, Flugumýri 24

Akranes

Sementsverksmiðjan hf, Mánabraut 20
Skilmannahreppur, Innri Mel 2

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 11
KB-Borgarnesi ehf,
Borgarbraut 58-60
Laugaland hf, Laugalandi
Skorradalshreppur, Grund

Ísafjörður

Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7

Patreksfjörður

Skógræktarfélag Patreksfjarðar,
Brunnum 6

Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

Skagatrönd

Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

ÖFLUGT STARF HJÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI HAFNARFJARÐAR

Tímamótasamningur Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar

Undirritaður var samstarfssamningur milli Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar í júní varðandi öll skógræktarsvæði á upplandi Hafnarfjarðar. Þetta er langtímasamningur eða til ársloka 2015. Samkvæmt honum mun Skógræktarfélag



Steinar Björgvinsson er ræktunarstjóri Gróðrarstöðvarinnar Pallar. Þar er fjölbreytt úrval áhuga-verðra trjáa og runna á boðstólum, eins og til dæmis þessar fallegu lindifurur. (Mynd JFG).

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar og Hólmfríður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, undirrita samninginn að viðstöddum Magnúsi Gunnarssyni og Jónatani Garðarssyni. (Mynd JGP).

Hafnarfjarðar hafa alla umsjón með skógræktar og útivistarsvæðum á upplandi bæjarins og jafnframt vinna tillögugerð og verkstýra nýframkvæmdum á þessum svæðum. Hafnarfjarðarbær greiðir á móti ákveðna fjárhæð til félagsins vegna þessa.

Með samningnum eru slegnar tvær flugur í einu höggi. Skógræktarfélagið hefur traustan grundvöll til þess að byggja upp starfsemi sína til langs tíma og vinna að skógrækt í almannaþágu og Hafnarfjarðarbær fær margföldun á framlag sitt með því að fela áhugamannafélaginu verkefnin. Þetta er samningur sem mætti verða öðrum til eftirbreytni. Þess má geta að í júní komst félagatala Skógræktarfélags Hafnarfjarðar yfir 600.

Stofnað einkahlutafélag um rekstur gróðrarstöðvar félagsins, Gróðrarstöðin Pöll ehf

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur stofnað einkahlutafélag um rekstur gróðrarstöðvarinnar við Hvaleyrarvatn (ekið Kaldárselsveg) og nefnist hún Gróðrarstöðin Pöll. Í stjórn stöðvarinnar sitja Sigurður Einarsson arkitekt, Sveinn Sigurbergsson kaupmaður og Árni Þórólfsson viðskiptafræðingur. Stöðin hefur á boðstólum afar mikið úrval harðgerðra tegunda trjáa og runna til notkunar bæði í gördum og á sumarhúsalóðum. Þar er í boði einstaklega fjölbreytt úrval áhugaverðra tegunda. Ræktunarstjóri stöðvarinnar er Steinar Björgvinsson garðyrkjufræðingur.

Sauðárkrúkur

Fríðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra,
Sæmundargötu 1
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Akureyri

Blikk- og tækniþjónustan ehf,
Kaldbaksgötu 2
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri,
Skipagötu 14
Teiknistofan H Á, Furuvöllum 13
Verkfræðistofan Raftákn hf,
Glerárgötu 34

Dalvík

Daltré ehf, Grundargötu 9

Húsavík

Garðyrkjustjóri Húsavíkur, Ketilsbraut 9
Húsavíkurbær, Ketilsbraut 9
Knarrareyri ehf, Garðarsbraut 18a

Laugar

Ferðaþjónustan Narfastöðum ehf,
Narfastöðum
Þingeyjarsveit, Kjarna

Kópasker

Fjallalamb hf, sláturhús, Röndinni
Öxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

Þórshöfn

Þórshafnarhreppur, Langanesvegi 2

Egilsstaðir

Barri hf, Kaupvangi 19
Ferðaskrifstofa Austurlands,
Miðvangi 2-4
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1
Skógræktarfélag Austurlands,
Hallormsstaðarskóla
Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Selási 15

Höfn

Prastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Eyvindartunga ehf, Eyvindartungu
Guðmundur Tyrfingsson ehf, Fossnesi C
Sunnlenska fréttablaðið, Eyrarvegi 25
Umhverfiseild Árborgar, Ráðhúsinu,
Austurvegi 2

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar,
Heiðmörk 38

Þorlákshöfn

Auðbjörg ehf, Óseyrarbraut 18
Garpar ehf, Reykjakoti 2
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Laugarvatn

Gróðrarstöðin Laugarströnd

Flúðir

Garðyrkjustöðin Hvammur I ehf,
Hvammi I
Gróðrarstöðin Hvammi 2

Hella

Sæberg ehf bifreiðaverkstæði, Lyngási
Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Krappi ehf, byggingaverktakar,
Ormsvöllum 5

Kirkjubæjarklaustur

Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur-
Skafafellssýslu

Vestmannaeyjar

Garðyrkjustjóri Vestmannaeyjabæjar,
Áhaldahúsinu við Heiðarveg


HVAR LIGGJA SKÓGARMÖRKIN Á SV-LANDI?



Undanfarin ár hefur byggð vaxið hratt hér á höfuðborgarsvæðinu. Byggt hefur verið innar og hærra upp í landið og er byggðin víða farin að teygja sig inn um grænu skógarsvæðin. Þessi útrás byggðarinnar, ásamt aukinni reynslu úr ræktunarstarfinu, kallar á endurskoðun á skógræktarsvæðunum og því hvar skógarmörkin liggja. Margt bendir til þess að skógarmörk liggja mun hærra heldur en sem nemur núverandi gróðursetningum. Áhugasöm skógræktarfélag eru tilbúin að taka að sér áframhaldandi skógrækt á útmörkinni og stóru aukinn áhugi fólks að dveljast í og njóta skóga kallar á að ný lönd verði numin.

Til dæmis er Sandskeið einungis í um 200 metra hæð yfir sjó, en í samanburði liggur Mývatn í liðlega 300 metra hæð, þar sem vex vöxtulegur trjágróður.

Það þarf að koma á ákveðnu jafnvægi milli framtíðarbyggðar og útivistarsvæða útmerkurinnar. Skógarmörkin liggja hugsanlega miklu hærra hér á SV-landi heldur en almennt hefur verið talið.




Á þessu korti sést hvar 300 metra hæðarlína liggur ofan höfuðborgarsvæðisins. Hefjast þarf handa við að skipuleggja mun umfangsmeiri skógrækt á suðvestanverðu landinu til þess að skýla byggðinni og bæta búsetuskilyrðin enn frekar.

Í suðaustanverðum undirhlíðum Litla-Meitis í Þrengslunum í Ölfusi, er að finna trjálund í um 230-250 m hæð yfir sjó. Einar Ólafsson frá Reykjavík, ættaður frá Efri-Grímslæk, gróðursetti trén á þessum stað í kringum 1958-59. Var á þeim tíma ekki kominn vegur um Þrengsli og þurfti Einar því að bera allt efni á staðinn.

Upphaflega var reiturinn afgirtur en sú girðing er löngu ónýt. Ekki veit heimildamaður nákvæmlega hvaða tegundir voru gróðursettar í upphafi, en í dag er það nær eingöngu sitkagreni sem eftir stendur auk einnar stafafuru og lerkitrés (rússa/síberíu). Sami maður gróðursetti einnig trjágróður í Lambafellshálsi sem liggur norðar og hærra í Þrengslunum og má þar enn sjá greni. Greinilegt er af formi trjáanna að þau hafa orðið fyrir nokkrum skakka-föllum af völdum snjóbrots, en í dag eru hæstu trén um 6-7 m og margir ársprotar um 30-40 cm. Girðingin um svæðið er orðin ónýt.

Mikið fuglalíf var í skóginum þegar myndin var tekin í sumar. (Mynd JGP).

TVÖFALDUR VÖXTUR TRJÁPLANTNA MEÐ HLÚPLASTI



Ótvíræður árangur

HLÚplast-ræktunardúkurinn er þróaður í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Niðurstöður mælinga Skógræktarinnar sýna ótvírætt fram á gildi HLÚplastdúksins við ræktun trjáplantna. Vaxtarhraði trjáplantanna tvöfaldaðist á sex ára tímabili.



HLÚplast-ræktunardúkurinn er fyrirbyggjandi í þremur lengdum, 25 m og 50 m fyrir tómsunda-ræktun og 500 m til vélrænnar niðurstættningar.

Útsöluastaðir:

Byggingavöruslanir og gróðrarstöðvar um land allt.



Plastprent hf.

Fosshálsi 17-25
110 Reykjavík
Sími 580 5600
Fax 580 5690

MIKIL BLÓMGUN Í BLÍÐUNNI

Mikil blómgun hefur verið í sumar á trjágróðri. Það hefur reyndar verið oft undanfarin góðviðrissumur og þannig í raun ekki lengur sérstaklega frétt næmt sem slíkt. Það sem er hins vegar sérlega athyglisvert er það að fleiri tegundir trjáa eru farnar að blómstra, bera fræ og jafnvel sá sér út.

Útlit er fyrir mikið fræ á trjágróðri í ár. Hér sjást blómstrandi reynir, gullregn, silfurreynir og garðahlynur við Bárugötu í Reykjavík. (Mynd JGP).



Hrossakastanía er trjategund sem blómstrar núna í hlýnandi loftslagi. Það er trjategund sem þarf að sýna miklu meiri athygli hér í borgum og bæjum. Blóm hennar eru afar falleg, en í sumar hefur hún einmitt blómstrað í vesturbænum í Reykjavík. (Mynd JGP).



Fjallapöll er trjategund sem ekki er algeng hér í ræktun. Vestur í Þorskafríði eru nokkrar fjallapöllir, sem hafa verið að vaxa vel á síðustu árum. Þær blómstruðu í sumar og verður hægt að safna þarna töluverðu fræi. Fjallapöll er afar áhugaverð trjategund, enda myndar hún víða efstu skógarmörk í heimkynnum sínum í Alaska. (Mynd JGP).

„Embla“

er kynbætt birki. Afrakstur kynbótasamstarfs Markar, Gróðurbótafélagsins og Þorsteins Tómassonar forstjóra Rala. Öll ágræðsla móðurefnis og framleiðsla Emblu-fræja fer fram í Mörk.

Allt birki sem selt er í Gróðrarstöðinni Mörk er „Embla“. Til í öllum stærðum frá skógarplöntum og uppúr.



Kostir „Emblu“

„Embla“ hefur þá ríkjandi eiginleika að vera beinstofna tré með einn leiðandi ljósan stofn. Hraðvaxta og harðgert.

Þar sem tréin eru ræktuð

Yfir 30 ára reynsla

Hjá okkur færðu faglega ráðgjöf.

 **GRÓÐRARSTÖÐIN**
Mörk
STJÖRNUGRÓF 18, SÍMI 581 4288, FAX 581 2228
Sækið sumarið til okkar
www.mork.is

Hönnun: Gísli B.

ERU TRÉN EKKI ÖFUGU MEGIN?

Stóráukum skóg- og trjárækt í borgum og bæjum - skipulega á réttum stöðum.

Hér er horft í norður eftir Bræðraborgarstíg í Reykjavík. Eins og sést er gatan eins og vindgöng gagnvart norðanáttinni. Garðeigendur hafa hins vegar gróðursett glæsileg tré í garðana sína. Viða eru stór tré farin að taka mikið pláss í minni görðum og skyggja á útsýn. Hins vegar eru bílastæðin og gangstéttarnar trjálausar. Koma þarf upp skipulegri trjárækt á þessum opnu svæðum til aukinnar skjólmyndunar og þrýði. (Mynd JGP).

Laufblöðungur veltir eðlilega oft fyrir sér trjágróðri þegar hann fer um þéttbýlisstaði hérlandis. Augljóst er hversu fólk almennt gróðursetur tré og runna í garða. Þessi mikla gróðurrækt hefur gjörbreytt ásjúnd og búsetuskilyrðum í þéttbýlinu. Íbúðahverfi eru yfirleitt orðin skjólgóð á tiltölulega fáum árum og er ágætt að nefna Grafarvogshverfið í Reykjavík því til sönnunar. Hins vegar er það þannig að stór, skjólmyndandi tré verða fyrirferðarmikil í húsagörðum og víða er svo komið að þessi tré verða að víkja. Þar með er hins vegar hætt við að skjólið tapist aftur sem hefur tekið fleiri áratugi að mynda með trjágróðrinum.

Það sem einkennir trjágróður í þéttbýli hérlandis er hins vegar sú staðreynd að hann er að verulegu leyti á einkalóðum. Mjög stór opin svæði eru víða í þéttbýli, bæði steipt og grasi vaxin þar sem hægt væri að skipuleggja umfangsmikla trjárækt. Hér sést til dæmis loftmynd af dæmigerðu íslensku bæjarfélagi. Eins og sést eru allar einkalóðir fullar af trjám en opin svæði sveitarfélagsins að mestu trjálaus.


Ef tré væru skipulega ræktuð á þessum svæðum væri hægt að auka skjól og skapa fegurri ásjúnd í þéttbýlinu.

Því þarf að stóruka trjárækt í þéttbýli á svæðum í eigu sveitarfélaganna.



Á þessari loftmynd af dæmigerðu íslensku bæjarfélagi sést vel að allar einkalóðir eru fullar af trjám, umluktar auðum svæðum. Skipuleg ræktun hávaxinna skjólmyndandi trjáa vantar á opnu svæðin, bílastæðin og gangstéttarnar, ekki síst vegna þess að of þröngt er á einkalóðunum fyrir stór tré.

OPINN SKÓGUR UNDIRBÚINN Í HOFSTADASKÓGI



Hér sést Ástþór Jóhannsson í Dal við hliðið inn í Músstaðabyrgi, skógræktarsvæði Kvenfélagsins Liljunnar á Hofsstöðum, gegnt svæði Skógræktarfélags Heiðsynninga. (Mynd JGP).

Skógræktarfélag Heiðsynninga vinnur nú að undirbúningi þess að bæta aðgengi almennings að skóginum á Hofsstöðum í Miklaholtshreppi. Það er helsta skógræktarsvæði á Snæfellsnesi sunnanverðu. Landið undir skóginn gaf Eggert Kjartansson bóndi á Hofsstöðum (f.1890, d.1967) skógræktarfélaginu á sínum tíma. Það var einstök gjöf til skógræktar á þeim tíma og sýndi glögglega framsýni Eggerts, enda veitti hann mörgum umbótamálum sveitarinnar stuðning.

Samkvæmt spjaldskrá Skógræktarfélags Íslands (Járnsíðu) var girt árið 1956 12,5 hektara girðing og gróðursett um 5.000 trjáplöntur. Fram til ársins 1979 voru síðan alls gróðursett þarna 32.000 skógarplöntur og er árangur þess góður, sérstaklega hvað varðar sitkagreni og blágreni. Þetta er eitt fjölmargra eldri svæða skógræktarfélaganna sem nú er verið að opna og gera aðgengileg fyrir almenning. Hofstaðir eru eitt þeirra svæða sem verða gerð aðgengileg með stuðningi úr verkefninu „Opinn skógur“.



STEYPUSTÖÐIN

540 6800

www.steypustodin.is



Grasfræ í úrvali



Aksturshlið 3 metrar stækkanleg í 4 metra



Hotline rafgirðingarspennar



Tréstaurar og járnstaurar fyrir allar girðingar

Girðingarefni

Túngirðingarnet,
aksturshlið,
staurar,
gaddavír,
rafgirðingarefni
og sáðvara



Túngirðingarnet

Pekking
byggð
á reynslu



búðin

Lynghálsi 3 • 110 Reykjavík

Sími: 540 1125 • Fax: 540 1120 • www.mrf.is

FYLGIST MEÐ FRÆÐSLU- STARFINU Á WWW.SKOG.IS

Skógræktarfélagin í samvinnu við KB banka standa fyrir öflugum fræðslustarfi. Það var kynnt sérstaklega í fræðslubæklingi í vetur sem allir félagsmenn í skógræktarfélagunum fengu sendan. Allir viðburðir þess eru kynntir jafnharðan á vefsíðu okkar www.skog.is

Við viljum einnig benda á að á vefsíðunni er hægt að láta skrá sig á póstlista og fá þá sendan tölvupóst til þess að minna á viðkomandi viðburð.



KB BANKI

ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM EKKI ER Í SKÓGRÆKTARFÉLAGI?

Núna eru liðlega 7000 Íslendingar félagar í einhverjum hinna 59 skógræktarféлага landsins. Þessi fjöldahreyfing áhugafólks er einstök í samanburði við nágrannalöndin.

Með því að fara inn á heimasíðuna okkar, www.skog.is eða hringja í síma 551-8150 getur fólk fengið upplýsingar um félagsaðild og gengið í skógræktarfélag.

**Við hvetjum sem flesta til þess
að gerast félagar**

Morgunblaðið



OSTA- OG
SMJÖRSALAN SE



PRENTSMÍÐJAN
VÍÐEY ehf.



EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA SKÓGRÆKT Í LANDINU



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING

